

Fornleifaskráning Hafnarfjörður

**Vegna deilsikipulags aksturs- og
skotæfingasvæðis
í Kapelluhrauni**



**Katrín Gunnarsdóttir
Byggðasafn Hafnarfjarðar
janúar 2007**

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Hvaleyri, Straumur, Þorbjarnarstaðir

Fornleifaskráning vegna tillögu að deiliskipulagi Aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði.

Að beiðni Skipulgs- og byggingasviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að vinna fornleifaskráningu í landi jarðanna Hvaleyri, Straums og Þorbjarnarstaða sem ekki hefur gerð áður eða aðeins verið skráð að hluta til. Stendur þessi vinna nú yfir.

Að ósk Skipulgssviðs- og byggingasviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafn Hafnarfjarðar beðið að leggja fram fornleifaskráningu vegna tillögu deiliskipulags á fyrirhugaðu Aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er hluti af ofan nefndu svæði sem nú er í vinnslu hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar og nær að hluta til yfir jarðirnar: Hvaleyri, Straum og Þorbjarnarstaði, og er það svæði ofan Reykjanesbrautar. Svæðið sem fyrirhugað deiliskipulag tekur yfir er merkt á korti, sjá fylgiskjal 1.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram í júní 2006, og var hún gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi. Teknar voru myndir og teiknaðir uppdrættir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með Gps hnitum. Skráðar fornleifar í landi Þorbjarnarstaða voru 12, í landi Straums 3, og í landi Hvaleyrrar 1.

Þessar skráðu fornleifar hafa verið færðar til skráningar í "Fornleif" sem er gangagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfirði er þakkað fyrir veitta leiðsögn og upplýsingar um skráningarsvæðið, ásamt gerð uppdráttar af gömlum gönguleiðum sem liggja um fyrrnefndar jarðir. Sjá fylgiskjal 2. Þar eru einnig merktar inn þær fornleifar sem skráðar voru á áðurnefndu deiliskipulagssvæði.

Fornleifaskráningin greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsökum þar sem við á.

Eins og fyrr greinir er nú verið að vinna við skráningu fornleifa í landi Hafnarfjarðar, því hafði Landmótun samráð við Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing sem vinnur að fornleifaskráningunni, vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á Aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni, með tilliti til þeirra fornleifa sem væru á svæðinu.

Fornleifaskráning sem hafa verið gerðar á viðkomandi deiliskipulagssvæði fylgir hér með. Þau undirnámer sem viðkomandi fornleif hefur fengið á þessu stigi málsins verða ekki þau sömu og verða þegar lokaskýrsla skráringarsvæðisins liggur fyrir.

Forsíðumynd: Fjárskjólíð Rauðhellir, horft í norður.
Ljósmynd Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	84	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Þorbjarnarstaðarétt, Vorrétt	N 064°01.916' W 022°00.357'	Ágætt	Nýbyggingar	Talsverð
------------------------------	-----------------------------	-------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Rétt/Þorbjarnarstaðarétt, Vorr	Nei		Nei	Nei	Hátt
--------------------------------	-----	--	-----	-----	------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá: Skammt frá Réttargjá sem er suður af Rauðamel er Þorbjarnarstaðarétt.

Réttin er vestru af svæði skotfélagsins, í hraunjaðri, horft er upp frá réttinni að húsi skotfélagsins í austur.

Lýsing:

Upphlaðin úr hraungrjóti, heillegar hleðslur eru í réttinni.

Innsta hólfréttarinnar er byggt utan í klett framan við það er annað stærra hólfrétt, hleðslur eru á milli kletta að inngangi réttarinnar, til að varna því að féð geti sloppið.

Hleðslur eru úr hraungrjóti 0.25-0.40 m stóru. Hleðsluhæð veggja er allt að 1m,

Athugasemdir:

Örnefnaskrá:

Rétt þessi var einnig nefnd Vorréttin eða Rauðamelsrétt.

Ljósmynd 1. Horft yfir réttina til norðausturs.

Ljósmynd 2. Horft yfir réttina til suðurs.


Teikning 3. Vorrétt

Ljósmyndir og teikning Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Gísli Sigurðsson. Þorbjarnarstaðir. Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands nív. 1980.

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	83	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Réttargjá/Rauðamelsréttargjá	N 064°01.944' W 022°00.688'	Ágætt	Nýbyggingar	Lítill
------------------------------	-----------------------------	-------	-------------	--------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Rétt/Réttargjá stærri 122	Nei		Nei	Nei	Talsvert
---------------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá: Þegar komið er yfir Seljahraun blasir við á hægri hönd mikill melur. Rauðimelur eða Þorbjarnarstaðamelur, suður frá melnum var Réttargjá.

Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, þegar komið er um 100 m undir línuna eftir vegaslóðanum þá er um 250 m í austur að Rauðamelsréttargjá.

Lýsing:

Gjá þessi er sprunga sem snýr suður og norður. Fyrirhleðslur er í suðausturenda gjárinnar, hleðsluhæð um 2 m steinar um 0.25-045 að stærð. Suðvestur endi gjárinnar klofnar í tvennt og er fyrirhleðsla fyrir öðrum um 0.60 m á hæð.

Athugasemdir:

Mynd 1. Horft efir gjánni til norðurs
Mynd 2. Horft til suðurs í gjánni.
Mynd 3. Horft til norðurs í gjánni.
Ljósmynd Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Heimildir:

Gísli Sigurðsson. Þorbjarnarstaðir. Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands nív. 1980. Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	90	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Neðri hellar, austari	N 064°01.969' W 022°00.688'	Sæmilegt	Nýbyggingar	Talsverð
-----------------------	-----------------------------	----------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Hleðslur/Neðrihellar 121	Já		Nei	Nei	Talsvert
--------------------------	----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Suðsuðaustan við austurhluta núverandi kvartmílubrautar, sunnan við Gerðisstíg sem liggur sunnan við hraunjaðarinn sem er sunnan við kvartmílubrautina.

Lýsing:

Hleðslur hafa hrunið niður í opið sem er um 4 m á lengd og um 2 m á hæð. Gengið er niður í hellinn og er opið í norður.

Athugasemdir:

Mynd 1. Hellisopið, horft í suður.
Mynd 2. Hellisopið horft í suður.
Ljósmyndir Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	91	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Rauðhellir	N 064°02.018' W 022°00.813'	Ágætt	Nýbyggingar	Talsverð
------------	-----------------------------	-------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Fjárskjól/Rauðhellir 124	Nei		Nei	Nei	Hátt
--------------------------	-----	--	-----	-----	------

Lega og staðhættir:

Rauðhellir er við austurhluta núverandi kvartmílubrautar í suðsuðaustur frá hraunjaðrinum sem liggur meðfram suðurhlið brautarinnar. Hellirinn er sunnan við Gerðisstíg sem liggur meðfram hraunjaðrinum.

Lýsing:

Hellirinn er um 8-10 m langur. Fyrir opi hellisins eru hleðslur, gegnum þær er gengið í hellinn, hleðsluhæð um 0.50-0.70 m nokkuð mosavaxnar. éttúrulega afmarkaður grasbali sem er aðeins lægri en landið í kring er fyrir framan hellinn, og myndar afmarkað svæði vo betra hefur verið að gæta fjárens.

Athugasemdir:

Mynd 1. Horft í norður í hellinn.
Mynd 2 Horft í norður á hleðslur við hellismunann.
Mynd 3. Teikning 3.
Ljósmyndir Jónatan Garðarsson í júní 2006.
Teikning Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	92	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Fjárhús við Gerðið Seltó	N 064°02.032' W 022°00.876'	Sæmilegt	Nýbyggingar	Talsverð
--------------------------	-----------------------------	----------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Tóft/Fjárhús 125	Nei		Nei	Nei	Hátt
------------------	-----	--	-----	-----	------

Lega og staðhættir:

Tóftin er í hraunjaðrinum suðsuðaustan núverandi kvartmílubrautar um það bil fyrir miðri braut í suður eftir vegaslóða ern liggur undir háspennulínur
Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, þegar komið er um 250 m að línuna eftir vegaslóðan um þá er tóftin um 100 m í austur undir hraunjaðrinum.

Lýsing:

Hleðslan er hlaðin utan á hraunjaðrinum, efri hluti tóftatrinnar sem er næst hraunjaðrinum er heillegri, þar er hleðsluhæð um 0.50 m, neðri hluti tóftarinnar er hrúnin og liggja hleðslusteinar í sömu hæð og landið í kring.

Athugasemdir:

Um 25 m í vestar í hraunjaðrinum er í Gerðið, Seltó.
Myndir:
Mynd 1. Horft til norðurs yfir tóftina.
Mynd 2. Horft til vesturs yfir tóftina
Mynd 3. Teikning. Tóft.
Ljósmyndir og teikning Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	93	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Gerði Seltó	N 064°02.027' W 022°00.885'	Sæmilegt	Nýbyggingar	Talsverð
-------------	-----------------------------	----------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Gerði / Seltó 126	Nei		Nei	Nei	Talsvert
-------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Rétt austan við miðja kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, þegar komið er um 20 m eftir hgaslóðanum þá er um 1000 m í gerðið sem er undir hraunjaðrinum.

Lýsing:

Veggir Gerðisins eru einhlaðnir mosavaxnir steinar sem eru um 0.35 - 0.45 m að stærð, og eru í nokkuð beinni röð í andinu. Hleðlsuhæð um 0.30 m Grasivaxinn kantur er að innanverðu í um 0.20 m á hæð og 0.50 breiður er með anghliðinni sem liggur að hraunjaðrinum og endavegg gerðisins. Inngangur er í tóftina á vestuhlíð.

Athugasemdir:

Um 25 m í austur í hraunjaðrinum er tóft.
Mynd 1. Horft yfir gerðið í vestur.
Mynd 2. Horft yfir gerðið í suður.
Mynd 3. Teikning.
Ljósmyndir Jónatan Garðarsson í júní 2006.
Teikning Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	80	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Gerðisstígur	N ° . ' W ° . '	Sæmilegt	Ábúð	Talsverð
--------------	-----------------	----------	------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Leið/Gerðisstígur	Nei		Nei	Nei	Talsvert
-------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá:

Stígur þessi liggur frá Gerðinu, og nefnist Gerðisstígur. Lá stígur þessi suður með vesturbrún brunans. Stígurinn liggur suðsuðaustan við núverandi kvartmílubraut, meðfram hraunjaðrinum, og sameinast stíg í vestur sem liggur að bæjarstæði Þorbjarnarstaða.

Lýsing:

Stígurinn liggur í smá sveigum eftir landinu og er nokkuð greinilegur, gras- og mosavaxinn.

Athugasemdir:

Örnefnaskrá:

Skammt sunnar lá stígurinn um Hólaskarð milli Brunans og Hólana og var hann því allr eins nefndur Hólaskraðsstígur.

Gerðisstígurtígurinn er merktur inn á kort af skráningar svæðinu unnið af Jónatani Garðarssyni í júní 2006.




Mynd 1. Gerðisstígur horft til austurs.

Ljósmynd 1. Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Heimildir:

Gísli Sigurðsson. Þorbjarnarstaðir. Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands nív. 1980.

Leiðsögn og uppdráttur af stígnum: Jónatan Garðarsson í 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	88	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Dagmálavarða	N 064°02.248' W 022°01.831'	Ágætt	Nýbyggingar	Talsverð
--------------	-----------------------------	-------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Varða/Dagmálavarða 127	Nei		Nei	Nei	Hátt
------------------------	-----	--	-----	-----	------

Lega og staðhættir:

Vestan við veg sem liggur í austur-vestur við vesturenda Geymslusvæðis sem er ofan við álverið í Starumsvík.

Lýsing:

Hringlaga upphlaðin varða, hleðslusteinar um 0.20 - 040 m að stærð. Grunnflötur um 1 m í þvermál. Hæð vörðunnar um 1.20m.

Athugasemdir:

Mynd 1. Dagmálavaraða horft í norður.
Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	94	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Tobbuklettsvarða austari	N 064°01.650' W 022°01.483'	Ágætt	Nýbyggingar	Talsverð
--------------------------	-----------------------------	-------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Varða/Tobbuklettsvarða aust	Nei		Nei	Nei	Hátt
-----------------------------	-----	--	-----	-----	------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá: Suðaustur frá Mjósundum blasir við hóll í hrauninu, sem nefnist Draughóll. Kringum hann er úfið hraun og nefnist það Draughólshraun. Af Tókletti lá landamerkjalinan suður yfir Seljahraun í Tobbuklett vestari. Þar uppi á klettinum er Tobbuklettsvarða.

Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegar slóði undir háspennulínur í suður, 700- 750 m eftir vegaslóðinni sem meðframm línunni í vestur, og síðan 450 m í austur að klettabelti.

Lýsing:


Varðan er upphlaðin um 1x1 m að grunnfleti, hæðin er um 1.10 m. Varðan mjókkar aðeins upp.

Athugasemdir:

Mynd 1. Tobbuklettsvarða eystri, horn í suður.
Mynd 2. Tobbuklettsvarða vestari sést í Tobbuklettsvörðu eystri fyrir miðri mynd, eins og smá þúst sem ber við himininn.
Ljósmyndir Jónatan Garðarsson, í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	87	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Rauðamelsréttargjá	N 064°01.820' W 022°00.657'	Ágætt	Nýbyggingar	Lítill
--------------------	-----------------------------	-------	-------------	--------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Rétt/Rauðamelsréttargjá 118	Nei		Nei	Nei	Talsvert
-----------------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá: Þegar komið er yfir Seljahraun, blasir þá víð á hægri hönd mikill melur. Rauðimelur Suður frá melnum var Réttargjá.

Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, sem liggur að klettabelti, slóðinn liggur austan með klettabeltinu og u.þ.b. fyrir því miðju um 200 m í austur er Rauðamelsréttargjá

Lýsing:

Klettargjain hefur verið notuð sem rétt, þar hafa verið fyrirhleðslur við inngang í réttina en þær er hrundar, inngangur er í norður.

Athugasemdir:

Mynd 1. Horft í suður eftir vesturhlið gjárinnar.

Mynd 2. Horft í suður eftir austurhlið gjárinnar.


Mynd 3. Teikning.

Ljósmynd Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Teikning Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Gísli Sigurðsson .Þorbjarnarstaðir, Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

16	95	Þorbjarnarstaðir		166	1550-1900
----	----	------------------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Fjárbyrgi	N 064°01.924' W 022°01.052'	Sæmilegt	Nýbyggingar	Talsverð
-----------	-----------------------------	----------	-------------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Fjárbyrgi/hleðsla 112	Nei		Nei	Nei	Talsvert
-----------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Um 130 m austur af núvarandi aðstöðuhúsi á kvartmílu í suður er vegatroðningur sem liggur undir háspennulínuna þegar komið er undir línuna er fjárbyrgið á hægri hönd í smá klettabelti, um 30-40 m frá troðningnum.

Lýsing:

Þarna hefur náttúruleg hraunmyndun verið notuð sem sem haganlega gert fjárbyrgi, með fyrirhleðslum. Þær eru allt að 0.80 m á hæð í suðvesturhluta, en aðrar hleðslur eru um 0.40-0.50 m á hæð, og hafa hrunið niður að einhverju leiti. Stærð hleðslusteina er um 0.25-0.40 m.

Athugasemdir:

Mynd 1 Horft til suðausturs yfir vestari arm bygisins.
Mynd 2. Horft til austurs
Mynd 3. Teikning
Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.
Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir í janúar 2007.

Heimildir:

Vettvangur í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

15	67	Straumur		165	1550-1900
----	----	----------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Tobbuklettsrétt	N 064°01.625' W 022°01.554'	Sæmilegt	Ábúð	Talsverð
-----------------	-----------------------------	----------	------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Rétt/Tobbuklettsrétt 115	Nei		Nei	Nei	Talsvert
--------------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá: Suðaustur frá Mjósundum blasir við hól í hrauninu, sem nefnist Draughóll. Kringum hann er úfið hraun og nefnist það Draughólshraun. Af Tókletti lá landamerkjalinan suður yfir Seljahraun í Tobbuklett vestari. Þar uppi á lettinum er Tobbuklettsvarða. Þar er einnig Tobbuklettsrétt.

Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, um 650-700 m eftir vegaslóða línunnar til vesturs, og síðan um 450 m í suður er komið að Tobburétt.

Lýsing:


Hleðslur í tvíarma klettagja afmarka réttina. Hleðslurnar eru á þremur stöðum og eru allt að 1.10 m á hæð. Inngagnur er í réttina er í norðnorðvestur.

Athugasemdir:

Samkvæmt G.S. í örnefnalýsingu þekkist nafnið ekki lengur, en þó sést enn fyrir réttunum í Grenigjám líttu vestar. Mynd 1. Horft til norðurs að inngangi gjáinnar. Mynd 2. Horft til suðurs í vesturarm gjáinnar. Mynd 3. Teikning. Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006. Ljósmynd 1 Jónatan Garðarsson í júní 2006. Ljósmynd 2 Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006. Teikning Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006.

Heimildir:

Gísli Sigurðsson. Straumur, Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands. Leiðsögn Jónatan Garðarsson, í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

15	87	Straumur		165	1550-1900
----	----	----------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Grenigjárétt	N 064°01.651' W 022°01.955'	Ágætt	Nýbyggingar	Lítill
--------------	-----------------------------	-------	-------------	--------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Rétt/Grenigjárétt 114	Nei		Nei	Nei	Talsvert
-----------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Örnefnaskrá: Vestur af Tobbuklettum er Grenigjá.

Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, þegar komið er um 100 m undir línuna eftir vegaslóðanum þá er um 250 m í austur að Rauðamelsréttargjá.

Lýsing:

Grenigjái liggur norður-suður í smá sveig, um 20-25 m löng gjá þar eru hleðslur sem sem liggja sumstaðar á gjábarminum og eru þær um 0.50 m á hæð eða lægri. Hleðslur eru líka inni í gjánni þar sem hefur verið þörf á að loka klettaskorum, eru þær misháar allt eftir því hvernig klettarnir eru lagaðir. Einnig eru þverhleðslur í gjánni, eru þær allmisjafnar á hæð og lögun og fer það eftir lögun gjárinna.

Athugasemdir:

Mynd 1. Horft til suðurs eftir gjánni.

Mynd 2. Hleðslur sem eru á austari gilbarmi gjárinna að hluta. Horft í suður.

Mynd 3. Horft í suður efir gjánni sem beygir í vestur.

Ljósmynd 1-2 Katrín Gunnarsdóttir í júní 2006

Ljósmynd 3 Jónatan Garðarsson í júní 2006

Heimildir:

Gísli Sigurðsson. Straumur, Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands.

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

15	65	Straumur		165	1550-1900
----	----	----------	--	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Tobbuklettsvarða, vestari	N 064°02.095' W 022°02.602'	Ágætt	Ábúð	Talsverð
---------------------------	-----------------------------	-------	------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Varða/Tobbuklettsvarða v 116	Nei		Nei	Nei	Talsvert
------------------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Suðaustur frá Mjósundum blasir við hól í hrauninu, sem nefnist Draughóll. Kringum hann er úfið hraun og nefnist það Draughólshraun. Af Tókletti lá landamerkjafin suður yfir Seljahraun í Tobbuklett vestari. Þar uppi á klettinum er Tobbuklettsvarða. Rétt austan við kvartmílubrautina liggur vegarslóði undir háspennulínur í suður, 700- 750 m eftir vegaslóðinni sem meðframm línunni í vestur, og síðan 450 m í austur að klettabelti. Þar sést varðan vel ofan á klettunum.

Lýsing:

Varðan er upphlaðin úr hraungrjóti, um 1x 1 m að grunnfleti, en mjókkar upp, hæð 1.10 m

Athugasemdir:

Mynd 1. Horft í vestur.
Mynd 2. Horft í suður, Tobbuklettsvarða austari er í forgrunni, Tobbuklettsvarða vestari fyrir miðri mynd, ber við himininn.
Mynd 3. Horft í suður.
Ljósmyndir Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Heimildir:

Gísli Sigurðsson. Straumur, Gullbringusýsla, Garðahreppur. Örnefnastofnun Íslands.
Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer: Undirnúmer: Landareign: Landareign nr. Jarðatal 1874: Aldur:

9	81	Hvaleyri	122353	168	1550-1900
---	----	----------	--------	-----	-----------

Heiti: GPS-Hnit: Ástand: Hættumat: Hætta:

Fjárskjól, Neðri Leynidalur	N 064°02.504' W 022°00.677'	Ágætt	Ábúð	Talsverð
-----------------------------	-----------------------------	-------	------	----------

Aðalnúmer: Friðlýst: Hvenær: Friðlýsa: Merkja: Minjagildi:

Hleðsla/Fjárskjól 100	Nei		Nei	Nei	Talsvert
-----------------------	-----	--	-----	-----	----------

Lega og staðhættir:

Hvaleyri - Hvaleyrrarhraun. Neðri Leynidalur.
Upp frá varaafstöð Álversins ofan við Reykjanesbraut um 0.5 km í suður

Lýsing:

Fjárskjólíð fellur eiginlega saman við landið sem eru hraunnibbur og mosagróður, graslendi og smá hríslur. Það er því ekki fyrir en komið er alveg að því að það sést. Fjárskjólíð er upphlaðið úr nokkuð flötu hraungrjóti sem er um 0.25 - 0.50 m að stærð. Hleðsluhæð um 1.5 m Inngangur er í skjólíð í suðvestur.

Athugasemdir:

Mynd 1. Fjárskjól horft í norður.
Mynd 2. Horft í norður, hleðslur skjólsins í forgrunni.
Mynd 3. Teikning.
Ljósmynd 1 og teikning Katrín
Gunnarsdóttir í júní 2006.
Ljósmynd 2 Jónatan Garðarsson í júní 2006.

Heimildir:

Leiðsögn Jónatan Garðarsson í júní 2006.





FYLGISKJAL 1

1 : 7500

